

Skógarvörðurinn á Austurlandi

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ 1968

Sigurður Blöndal

Frá októberbyrjun til hins 18. okt. var hitastig um 3, 0 stigum fyrir meðan meðallag. Það var jafnkalt, alloft frost á athugunartíma. Loftraki var mikill og fór lauffall fram fremur hægt.

Eftir þriggja daga hláku 19.-21. okt. kólnaði í veðri og var komið 7 stiga frost hinn 24. okt. Til 4. nóv. var óvenjukalt miðað við árstíma, t.d. 2. nóv., er frostið var -15,0 stig.

Hinn 4. nóvember var snjódýptin 53 cm. Hinn 5. nóv. mældist úrfellið 80 mm, sem er mestu sólarhringsúrkomu, sem hér hefir mælt.

Snjóinn tók lítið fyrir ofan 400 m y. h. í hlákunni 5.-12. nóv. En í asahlákunni 12.-14. nóv. tók hann mjög ört. Kom þá meiri vöxtur í læki hér í skóginum en menn muna. Flóðu þeir $\frac{1}{2}$ -1 m herra en grónir bakkar eru nú. Fluttu fram mikið af lausu grjóti og talsvert af viði. Stór skriða féll í Dagmálafjalli og hafnaði niður í Staðará. Einnig féll stór skriða í Hádegisfjalli, er átti upptök sín ofan skógargirðingar og tók með sér um 200 m af girðingunni.

Lagarfljót tók að vaxa mjög ört aðfaranótt 13. nóv., var vatnshæð þess komin upp á hæsta malarkamb fyrri hluta dags 14. nóv.

Heildarúrfelli í nóvember er það mesta, sem mælt hefir í einum mánuði, síðan í janúar 1950.

Í græðireitnum var komið 25 cm frostlag í nóvemberbyrjun, en var alveg farið um 20. nóv.

Mjög mild tíð var það, sem eftir var af nóvember og til 16. des. Þá gekk í norðanátt með 10-14 stiga frosti þann 17. og 18. des. Frost var til 31. des., en snjólaust og nærri alltaf stillt og bjart veður, sérstaklega milli hátíðanna. Á gamlársdag færðist hægur vestanvindur meira til suðvesturs. Hlýnaði og fór hitinn í 11 stig um kvöldið.

Á gamlársdag var frostið í jörðu 35 cm í græðireitnum, en 15 cm í skóginum.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1968.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir		Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	
Jan.	-3,9	-2,7	47,2	-55,4	-	-0,9	-
Febr.	-4,0	-2,8	59,0	-9,7	47,8	+15,3	-
Marz	-3,4	-3,0	35,6	-6,7	87,8	-2,2	-
Apríl	0,4	-1,1	7,8	-33,1	149,2	+19,5	-
Mai	2,8	-2,8	9,2	-15,3	311,6	+137,6	-
Júní	6,8	-2,2	68,2	+40,1	119,2	-59,8	35,70
Júlí	12,0	+1,2	15,9	-23,3	272,8	+100,8	84,66
Ágúst	10,3	+0,6	27,8	-11,5	163,6	+42,3	67,82
Sept.	7,9	+0,7	77,4	+26,3	52,4	-45,0	-
Okt.	0,8	-3,5	81,4	+17,3	27,6	-23,0	-
Nóv.	3,4	+2,1	271,8	+195,8	0,4	-5,7	-
Des.	-0,9	0,0	35,5	-49,9	-	-	-
Árið	2,7	-1,1	739,8	+74,6	1.232,4	+178,9	-
Júní- sept.	9,2	0,0	-	-	-	-	-

Vik frá meðallagi hita og úrkomu er miðað við árin 1939-1967, en sólskinsstunda við árin 1955-1967.

Á sumrinu komu 10 dagar með 20 stiga hámarkshita og yfir. Voru þeir á tímabilinu 19. júlí - 10. ágúst. Mestur hiti varð 29. júlí, 21,9 stig.

Mesta frost í mælaskýli varð 2. janúar -20,4 stig, en mesta frost við jörð 3. jan., 23,5 stig. Hinn 6. apríl varð frostið 18,4 stig í mælaskýli, en 22,0 stig við jörð. Er þetta mesta frost, sem mælt hefir, síðan veðurathuganir hófust. Frostinu mikla 2. og 3. jan. fylgdi N-stormur 9-10 vindstig.

Hér fara á eftir tölur yfir lágmark hitans seinast um vorið, um sumarið og fyrst um haustið.

Tafla II. Hitastig um og undir frostmarki 20. maí - 30. sept. 1968.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð	
Maí	20.	-1,5	-4,4	
	"	21.	-1,0	-4,0
	"	22.	3,0	-2,6
	"	23.	1,8	-2,9
	"	24.	3,1	-1,5
	"	25.	0,9	-3,5
Júní	"	26.	1,5	-2,0
	"	6.	0,7	-0,2
	"	7.	1,0	0,6
	"	8.	0,5	-0,3
	"	15.	2,3	-1,0
	"	18.	0,2	-0,2
	"	19.	0,5	-0,3
	"	22.	0,2	-0,3
	"	23.	1,2	-1,5
	"	24.	1,2	-1,3
Júlí	"	3.	3,2	-0,2
	"	4.	1,7	-1,0
	"	12.	2,2	-0,5
	"	15.	2,0	-0,5
Agúst	"	12.	0,2	-2,3
	"	13.	2,3	-0,5
	"	24.	-1,3	-4,2
September	"	16.	3,2	-0,5
	"	27.	-1,2	-4,6
	"	29.	-0,5	-2,5
	"	30.	0,0	-1,0

Hér sést, að júní og júlí voru frostlausir í mælaskýli, en enginn mánuður við jörð.

Hugleiðingar. Einkennandi fyrir veðurfar ársins eru miklar sveiflur. Veturinn er sá kaldasti, síðan 1918. Máimánuður er sá þriðji kaldasti frá 1955 (1958 var maí 2,2 stig og 1967 2,0 stig). En þessi máimánuður er langsólríkasti mánuður, sem komið hefir hér, síðan sólmælingar hófust.

Júní var sá kaldasti, síðan 1955, en júlí aftur hlýjasti júlímán. eftir 1955 og þriðji hlýjasti mánuður, sem mældur hefir verið frá og með 1955. Ennfremur er hann sólríkasti júlí síðan sólmælingar byrjuðu hér, með 53% meira sólskin en í meðallagi í þeim mánuði. Aðeins árið 1957 mældist hér meira sólskin en 1968 - eða 1.239,5 klst.

Sérkennandi fyrir sumarið er hin mikla úrkoma í júní og féll 2/3 hennar í upphafi mánaðarins, meðan klaki var enn í jörð. Enda var jarðvegur svo gljúpur, þegar verið var að gróðursetja, að jafnvel þursa-skeggsbakkarnir hér úti með Fljóti voru eins og deig.

Þessi sérkenni er gott að hafa í huga, þegar skoðaður er vöxtur og þrif trjáanna á þessu undarlega veðurári.

2. V ö x t u r o g þ r i f t r j á g r ó ð u r s.

a. XXXXX Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn var að miklu leyti laufgaður 18. júní, en þó var enn allmikið af trjám, sem ekki laufgaðist upp í topp, fyrr en í júlí,

eins og Páll Guttormsson gat um hér að framan. Þetta voru tré, sem stóðu í frosinni jörð. Var það sérstaklega áberandi á ungskóginum á mýrunum utan við Mörkina. Hinn 9. júní var komin græn slikja á birkiskóginum.

Hann gulnaði nú seinna en um langt skeið. Hinn 28. sept. var hann tekinn að fölna allmjög og nokkurt lauf fallið. Hinn 3. okt. var um helmingur af laufi fallinn. Hinn 20. okt. var nær allt lauf fallið að birkiskóginum.

Lerkiskógurinn taldist fullútsprunginn um 10. júní. Hinn 3. okt. sást fyrst gulnun á honum. Hinn 9. okt. athugaði ég allmörg elztu lerki-kvæmin og var gulnunarröð þeirra svona:

1. Arkangelsk 1952 alveg gult.
2. Irkutsk 1953 mest gult.
3. Hakaskoja 1951 (Jónsskógur).
4. Raivola 1957.
5. Altai 1957.
6. Hakaskoja 1954-1955 mest grænt.

Dálítið erfitt er að átta sig á, hvar setja á Guttormslund í sólkerfi þetta. Ég vil þó geta þess, að hinn 13. okt. fór ég yfir í Fljótsdal og horfði í kík í allgóðu skyggni á lerkiteigana, sem þá skáru sig mjög vel úr birkinu. Enda þótt þeir væru þá orðnir allgulir flestir, var mjög greinilegur litarmunur á þeim. Þarna að handan var Guttormslundur þennan dag með mjög líkan lit og Altaierkið frá 1957. Var það í sjálfu sér merkileg uppgötvun. Mun ég reyna næsta haust að fylgjast með gulnuninni á þennan hátt og þá heldur fyrr. Ég held maður sjái hana betur á þennan hátt en úr nálægð, ef fjarlægðin er ekki úr hófi fram.

Hinn 20. okt. er allt lerki orðið gult og nálar allmjög fallnar.

b. Vöxtur.

Þrátt fyrir kuldana í maí og júní og klaka í jörð fram í síðari hluta júní, óx lerki betur en sézt hefir síðan fyrir 1964. Í elztu lerkiteigum var vöxtur víða 40-50 cm og 60 cm sprotar sáust, en í yngri teigumvoru víða 25-40 cm sprotar.

Greni- og furutegundir voru með stutta sprota með einni undantekningu: Sitkagreninu frá 1949 undir Fálkakletti. Ahrif áburðargjafarinnar frá 1966 og 1967 (sbr. ársskýrslu 1967, en þar eru ártölin röng) komu nú jafnvel enn betur í ljós en í fyrra. Voru ársprotar á þeim hlutanum, sem mestan skammt fékk, um 50 cm upp til hópa.

Undravert má heita, hve góður vöxtur og þrif trjágróðursins urðu á sumrinu. Hinn mikli vorraki hlýtur að hafa nýtt afbragðsvel. Sumarið kom afar vel, þegar það loks kom. Og haustið var ákaflega hagstætt fyrir þroskann.

c. Fræfall.

Lítið fræfall varð á birki hér í skóginum, en allmikið í skógarteigum um fyrir norðan Fljót. Var fræ tínt þar og í Arnaldsstaðaskógi í Fljótsdal, þar sem nokkuð var um fræ.

Þessu fræi var safnað af birki:

Í Hrafnsgarði og á Droplaugarstöðum	3,7 kg
Í Geitagerði og á Skeggjastöðum	3,1 "
Á Arnaldsstöðum	0,9 "
Á Hallormsstað	1,1 "

Alls 8,8 kg.

=====

Af broddfuru fengust 0,2 kg fræs.

d. Skaðar.

Skaðar á sl. vetri voru sviðnun. Þetta var mest áberandi á rauðgreni ~~XXXXXX~~ sérstaklega í sumum ungum teigum (ca. 10 ára), einkanlega, ~~XXX~~ þar sem opið var fyrir norðri og snjó hafði rifið af.

Nokkuð bar á, að fjallabíur sviðnaði. Eitt tré af gamla stofninum, er stóð eitt sér innan við hlöðuna á Hallormsstað og gróðursett var fyrir um 35 árum, sviðnaði niður undir rót í vor. Sama átti sér stað um einn af stærstu þinunum frá 1936 í Mörkinni. Stóð sá í jaðri móti suðvestri.

Nokkuð bar á því, að greinar á trjám í Guttormslundi og nokkuð af toppum visnaði. Veit ég ekki, hvert er að leita orsaka að þeim skemmdum. Þetta var mest áberandi um jaðartré, en toppar voru þó alveg eins skemmdir inni í miðjum lundinum. Hugsanlegt er, að sumar skemmdirnar eigi rætur að rekja til júlístormsins 1966, en vart er það hugsanlegt um ~~XXXXXX~~ jaðargreinarnar. Ekki bar á þessu á öðru lerki.

Niðri á Fjörðum hér austanlands var trjágróður mjög skemmdur, einkum barrtré. Á Eskifirði sviðnuðu nú um 20 ára gömul sitkagrenitré, mjög vöxtugleg, og í Neskaupstað er nær allur trjágróður ónýtur, bæði í góðum og girðingu skógrættarfélagssins. Birkið spjarar sig einna helst.

Hér er rétt að geta þess, að sl. sumar ffró Þorsteinn Sigurðsson læknir, formaður SKAL, í ferðalag á vegum félagsins og heimsótti nær allareiti á félagssvæðinu. Gerði hann mjög greinargóða skýrslu um för sína og lýsti hverjum reit. Er ástand þeirra ófagurt og ekki vonlegt til að vekja trú manna á möguleika skógrættar hér á ströndinni. Stöðvarfjörður, Breiðdalur, Búlandsnes og Hofsdalur eru langskárstir, en allt norðan Stöðvarfjarðar í rúst. Í rauninni er Búlandsnes eina virkið, sem stendur á ströndinni. Athyglisvert er, að blágreni hefir spjarað sig betur en sitkagreni. Hér á Héraði er ástandið langtum betra, einkum ofan til, en ekki álitlegt á Úthéraði.

Blaðlús á birkiherjaði mjög mikið sl. sumar hér í skóginum.

3. Starfsfólk.

Tafla III þarfnast ekki skýringa, nema hvað vinnustundir ná ekki til ákvæðisvinnu.

Tafla III. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1968.

Mánuður	Fjöldi	Vinnustundir	Tímavinna kr.	Ákvæðisvinna kr.
Nóv.-des.'67	6	1.583	95.248,38	8.291,50
Jan.-apríl	5	1.949	125.619,47	-
Mai	15	1.285	77.621,29	-
Júní	24	3.721	215.975,67	56.005,70
Júlí	19	2.699	156.746,62	5.298,32
Ágúst	13	2.047	117.187,50	9.262,50
September	12	1.529	93.802,29	-
Okt.-nóv.	8	718	48.179,74	-
Alls	-	15.531	930.380,96	78.856,02
			1.009.236,98	

Heildarupphæðin var nokkru hærri en á sl. ári, en hér eru að vísu eftirstöðvar frá árinu 1967. Af heildarupphæðinni voru 599.293,51 kr. - eða 59,5% - greiddar fólki, sem búsett er í Vallahreppi, en 813.191,77 kr. - eða 80,5% - fólki, sem búsett er á Fljótshéraði. Eykst nú hlutur "heimafólks" aftur.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og á undanfórnum árum. Hann sá um daglega verkstjórn í gróðrarstöðinni, en ég þó alveg um plöntuafhendingu. Eftir áramót og fram undir vor vann hann við að lagfæra lerki, sem skemmt hefir í toppinn eða aflagast á annan hátt

á undanfórnum árum. Er þetta einkum eftir vorskaðann 1964. Páll fór yfir Jónsskóg og hluta af plöntuninni frá 1954. Þetta er mikið verk og sjálfsagt nóg verkefni fyrir hann næstu vetur. Um vorið vann hann dálítið við áburðargjöf í skóginum, en síðla hausts og fram á vetur að fræsöfnun og vetrarundirbúningi í græðireitnum.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona mötuneytis og húsmóðir í Mörkinni 10. sumarið í röð.

Helga Einarasdóttir vann ofurlítið á skrifstofunni við kaupútreikning.

Halldór Sigurðsson kennari á Miðhúsum sá um plöntun í skóginum í júní og júlíbyrjun og fórst það afbragðsvel. Ennfremur vann hann að lagfæringum í Atlavík fyrir verzlunarmannahelgina og í september við lagfæringar á "stöðvarhúsinu" undir Kistuklettum.

Stúlkurnar komu til vinnu í Mörkinni 27. maí og var þá enn allt í klaka, sem hélzt svo lengi, að dreifsetning stöðvaðist um tíma. Við höfðum 12 stúlkur, þegar flest var, nær allar úrvalsmanneskjur, og 4 stúlkur voru frá því um 10 júlí til 20. sept.

Piltalið okkar í sumar var hið jafnbezt, sem verið hefir í minni starfstíð.

4. G i r ð i n g a r.

Viðhald.

Á árinu var einungis framkvæmt venjulegt viðhald. Skemmdir voru ekki verulegar eftir veturinn. Gilti þar sama um girðingarnar hér heima og suður í Jörvík. Svo vel tókst til sl. vetur, að hreindýrin sóttu ekki í Jörvíkurgirðinguna.

Á sl. sumri voru gerðar ákveðnari ráðstafanir til þess en um langt skeið að verjast svokölluðum skógarrollum. Var framkantur girðingarinnar margyfirfarinn og rollur þessar fjarlægðar strax og til þeirra sást í vor. Fyrir bragðið var nú miklu minna um sauðfé í skógargirðingunni en í mörg ár.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera mun betur við umræddan framkant í vor, því að nú er áformið að losna alveg við skógarrollurnar úr girðingunni. Til þess að það sé hægt, verður girðingin að úrskurðast lögleg, en þar er hún naumast á kafla núna.

Í vor liggur fyrir veruleg viðgerð í Hádegisfjallinu, þar sem skriðuhlaup tók með sér girðinguna á um 200 m kafla og eftir er klöppin ber.

Kostnaður við viðhald á árinu varð 20.500 kr., en var áætlaður 30 þúsund. Á þessu ári er auk þess bókfærður kostnaður frá 1967, er nemur tæpl. 24 þús. kr.

5. S k ó g a r h ö g g.

Skógarhögg og grisjun fyrir plöntun hófst um miðjan janúar og stóð mikið til fram í miðjan marz. Þá varð hlé í einn mánuð vegna ótíðar, er varði til miðs apríl. Höggið hófst þá aftur og hélt áfram til 20. maí. Í maílok var Guttormslundur grisjaður.

Þessi svæði voru höggvin:

a. Ræma frá Þjóðvegi innan við Króklæk og upp að Selvegi. Frá Selvegi upp í Stóraskóg milli Króklækjar og Kerlingarár. Þetta var helzta svæðið, sem eftir var óplantað utan til í Innskóginum. Var þarna ákaflega þétt kjarr á köflum, er vaxið hefir upp eftir framræsluna 1958. Var hér ákaflega seingrisjað og eftirtekja lítil. Á svæði þessu eru sums staðar mjó mýrarsund, sem ræsa mætti fram með skerpiplóg einum, og ein dálítið væn mýri. Er nauðsynlegt að gera þetta, áður en ~~KÆXX~~ plantað er í hluta þess. Mætti þá planta þar greni í plógstrengi.

b. Grisjaður skermur yfir lerki og skógarfuru ofan við Guttormslund upp að Þjóðvegi milli Jökullækjar og Atlavíkurlækjar. Ennfremur allmikil spilda í Vörðuhrauni ofan Þjóðvegjar milli sömu lækja, þar á meðal yfir

lerkíteig þeim frá 1961, er í vor var skírður Oddnýjarlundur, en hann er í ~~VXX~~ Vörðuhrauni upp með Atlavíkurlæk.

c. Grisjaður skermur yfir lerki og greniplöntunum beggja vegna þjóðveggar frá Atlavíkurlæk að Kerlingará.

d. Grisjaður skermur yfir rauðgreni, lerki og sitkagreni í Mylluhvammi í Partinum.

e. Grisjaður og felldur skógur meðfram þjóðvegi frá Skólatúni og út að Langasandi í sambandi við H-daginn 26. maí. Víða á þessu svæði var höggvið mikið frá veginum, einkanlega í Gatnaskógi og utan við Dýás.

f. Hreinsað allt birki, sem eftir stóð í lerkiplöntunum 1951-1954.

Kostnaður varð sem hér segir:

a. Við grisjun fyrir plöntun 39 þús. kr., en var áætlað 50 þúsund.

b. Við skógarhögg var kostnaður á árinu 80 þús. kr., en var áætlaður 100 þúsund. Auk þess eru bókfærðar 1968 13 þús. kr., sem tilheyra árinu 1967, svo að bókfærð útgjöld á skógarhöggsreikningi eru kr. 92.600.

c. Á reikningi þeim, sem nefnist "eldiviður og staurar" eru bókfærð gjöld 1968 rúmlega 121 þús. kr. og tekjur tæpl. 223 þúsund. Hér hefir átt sér stað nokkur tilfærsla milli ára:

Á gjaldaliðnum tilheyrir árinu 1967:

a. Vinna skv. kaupskrá nóv.-des.	kr.	30.562,68
b. Ýmsir liðir (flutn. o. fl.)	"	2.764,00
c. Flutningur Ingimars Þórðarsonar á arinviði	"	26.625,00
	<hr/>	<hr/>
	Kr.	59.951,68

Bókfært tilheyrandi árinu 1968	kr.	61.198,20
Ófært vinna frá 1968	"	15.890,00
	<hr/>	<hr/>

Alls raunveruleg útgjöld 1968	kr.	77.088,20
	<hr/>	<hr/>

Bókfærðar tekjur 1968	kr.	220.904,50
Frá dregst tilh. árinu 1967 (arinv. til Rvíkur)	"	63.330,00
	<hr/>	<hr/>

Raunverulegar brúttótekjur 1968	kr.	157.574,50
XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX		
Útgjöld 1968 dregin frá	"	77.088,20
	<hr/>	<hr/>

Hagnaður á þessum reikningi 1968	kr.	80.486,30
	<hr/>	<hr/>

Á reikning þennan hefi ég fært jólatré og -greinar ásamt eldiviði og staurum. Af brúttóupphæðinni gefa jólatré og -greinar tæplega 53 þús. kr., en beinn kostnaður við þau er um 9 þús. kr. - eða um 44 þús. kr. nettó.

Heildarnettóupphæðin skiptist þá svo:

a. Viður og staurar	kr.	36.500,-	
b. Jólatré og -greinar	"	44.000,-	kr. 80.500,00
	<hr/>	<hr/>	<hr/>

Seld voru 202 jólatré og 130 kg af furugreinum. Nokkur þessara trjáa voru torgtré, allt upp í 5 m há. Var það broddgreni og sitkagreni. Ennfremur ein 6 m há stafafura. Þess gætti nú mjög, að borið hefir verið á rauðgrenið undanfarin ár. Var það með betri lit en áður var og greinar þess stinnari. Var fólk yfirleitt mjög ánægt með trén og taldi þau aldrei hafa verið svona góð. Eins og venja er til, var fólk hér í næsta nágrenni sent jólatré að gjöf, svo og nokkrum einstaklingum, sem við eigum þakkið að gjalda fyrir ýmsa fyrirgreiðslu. Þá sendum við einn vnan fjallapín til hins nývígða Norræna húss í Reykjavík.

Tafla IV. Viðarsala og skógarhögg á Hallormsstað 1968.

1. Sala:

Staurar: XX B 2 birki	704	stk.	
B 2 lerki	51	"	
B 3 birki	215	"	
B 4 birki	575	"	
Styttur	350	"	
Eldiviður	24,235	tonn (632 pokar arinviður)	
Reykingaviður	5,470	"	
Efniviður	1,210	"	
Samtals			kr. 99.720,-

2. Birgðir:

Staurar: B 2 birki	750	stk.		
B 2 lerki	20	"		
B 3 birki	900	"		
B 4 birki	700	"		
Styttur	750	"		
Samtals				kr. 54.500,-

Birgðir frá f.a.
550 3.6
600 2.1
500 2.5
600 1.5

3. Högg 1968:

Staurar: B 2 birki	900	stk.	6,000	tonn
B 3 birki	550	"	2,000	"
B 4 birki	750	"	4,000	"
Styttur	500	"	1,200	"
Eldiviður - sala			24,200	"
Eldiviður - heimanotkun			7,000	"
Reykingaviður			5,500	"
Efniviður			1,200	"
Alls högg 1968 birki.....			51,100	tonn

~~~~~

Auk þess var felld allmikið af lerki, sem mestallt fór á landbúnaðarsýningu eða bíður þess að verða flett í borð. Ekki var nema hluti af þessu veginn, en það er aldrei undir 5-6 tonnum.

## 6. Gróðrarstöð.

### a. Fræplöntur.

Vorsáning nam 532 m<sup>2</sup>, en haustsáning 51 m<sup>2</sup>, alls sáning 1968 583 m<sup>2</sup>. Enn er þetta að mínum dómi of mikil sáning hér í stöðinni. Við talningu í haust reyndust 1/0 plöntur vera um 614 þúsund, þar af birki 227 þúsund (á því verður mikil rýrnun til næsta hausts), en barrplöntur allaveganær 390 þúsund.

Fræplöntur 2/0, 3/0 og 4/0 eru um 415 þúsund, þar af til dreifsetningar nær 300 þúsund. Helmingur þess er lerki.

Sáð var aftur í plasthúsið í vor, en ekki fyrr en um miðjan júní, þar eð beðin höfðu ekki verið undirbúin haustið áður, en ófært að húsinu fyrr en þetta. Sáningin þar heppnaðist samt ágætlega og standa þar nú 120.000 1/0 plöntur.

Kostnaður á árinu við fræplöntur varð 105.300 kr., en auk þess er bókfært f.f. ári um 10 þús. kr. Áætlaður kostnaður á þessum lið var 110.000 kr.

### b. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 149.000 skógarplöntur. Lerkið varð mun ódrýgra til dreifsetningar en áætlað hafði verið. Miklir efiðleikar voru á dreifsetningu framan af, sökum klaka og bleytu í reitnum. Við reiknum með allmiklum vanhöldum í þeim hluta reitsins, sem blautastur var. Kemur það niður á stafafurunni. En ég held megninu af dreifsetningunni hafi reitt vel af.

Kostnaður við dreifplöntur á árinu varð 126 þús. kr., en var áætlaður 110 þúsund.

### c. Garðplöntur.

Afhentar voru 4.563 garðplöntur á árinu, eða allmiklu færri en árið áður. Var þó hátt í helmingur þessarar tölu plöntur, sem seldar voru stöðvunum á Tumastöðum og í Fossvogi í heildsölu. Svo að hinn eiginlegi garðplöntumarkaður hér austanlands MM er enn hlægilega lítill. Að vísu er alveg gefið, að vorkuldarnir drógu mjög úr sölu. Svo kalt sem hér var, kastaði þó fyrst tólfunum niðri á ströndinni. Auk þess hefir kjark dregið úr fólki að fást við tré eftir hin gífurlegu vanhöld, sem orðið hafa í gördum þar neðra.

Brúttóverðmæti (incl. flutningskostnaður) varð 113.042,25. kr. Af þessari upphæð greiðast 92.500 kr. hér heima, en hitt er millifært gegnum S.r.

Svo er hinu góða sumri fyrir að þakka, að nú stendur í reitnum mikill fjöldi af fallegum garðplöntum. Verðum við í vor mun betur settir með garðplöntur en var sl. vor. Undantekning er þó garðbirki. Þar erum við illa settir og klaufaskap okkar einum um að kenna. Átlar að reynast furðu torsótt að koma hér upp nægum birgðum af almennilegu garðbirki.

Dreifsettar voru alls 16.200 garðplöntur og græðlingar. Er ofurlítið af því algengustu runnategundir.

Kostnaður við garðplöntur á árinu varð 68.400 kr., en var áætlaður 80 þúsund.

### d. Hreinsun.

Hin venjulega hreinsun er innifalin í kostnaðarliðunum "fræplöntur", "dreifplöntur" og "garðplöntur". En á miðju sumri var gerð í reitnum "stórhreingerning", sem ekki hefir farið fram í nokkur ár, enda leit reiturinn nú miklu betur út en um langt skeið. Þessi hreinsun kostaði allmikið fé, þar eð allir kantar voru skornir, aðalgangar sléttaðir og yfirleitt allt snurfusað. Þessi hreinsun varð færð á liðinn "ýmis vinna". Hugmyndin er að láta reitinn ekki aftur fara eins og komið var, en taka svona ærlega hreingerningu strax að loknum vorverkum. Þetta er ekki nauðsynlegt eingöngu hreinlætisins vegna, heldur einnig vegna

allra þeirra mörgu gesta, sem til okkar koma á sumrin. Á sumri komanda er vitað, að miklu fleiri hópa útlendinga koma til okkar á Hallormsstað en nokkru sinni fyrr. Við sýnum þeim öllum í gróðrarstöðina og þarf að vera kappsmál að hafa hana sem best útlítandi.

#### e. Afhending plantna.

Afhentar voru 133.935 skógarplöntur og 86.000 dreifsetningarplöntur til annarra stöðva. Um helmingur skógarplantnanna var notaður hér heima. Eins og fyrri daginn var óttalegur barningur að koma frá sér plöntunum á skikkanlegum tíma til annarra landshluta. Satt að segja skil ég ekki, hvað þessi þveitingur með plöntur milli fjarlæggra landshluta á að þýða, úr því í öllum landshlutum eru stöðvar. Þessu má til með að kippa í lag. Það er allri annarri starfsemi okkar hér á Hallormsstað fjötur um fót að þurfa að vera með stærri gróðrarstöð en bráðnauðsynlegt er til þess að mæta þörfinni í þessum landshluta.

Brúttóverðmæti skógarplantnanna var 269.896,50 kr., dreifsetningarplantnanna 76.871,00 kr. og heildarsala úr stöðinni nam nú 459.809,75 kr.

#### f. Annað.

Í reitinn var ekið 10 bílhlössum af sandi og 10 bílhlössum af sauðataði (áætlað 30 tonn).

Plasthúsið var tekið niður í haust, eins og í fyrra, og var nú gengið frá grunni þess fyrir næsta vor: Ekið í hann sandi og mó mold og ramminn í kring hellaður niður. Má því setja húsið upp svo snemma í vor sem tíðarfar leyfir, væntanlega seint í apríl, og sá í húsið um miðjan maí. Þá ætti það loks að geta komið að fullum notum. Þess skal getið, að vinna við plasthúsið í vor var færð á liðinn "ýmis vinna".

Kostnaður við stöðina á árinu 1958 varð 520 þús. kr., en var áætlaður 470 þúsund. Áætlunin brast einkum á tveimur kostnaðarliðum: "Ýmis vinna", sem fór framúr um 35 þús. kr. og "vörur til gróðrarstöðva", sem fór framúr um 40 þús. kr.

### 7. Gróðursetning.

#### a. Yfirlit og áætlun.

Áætlað var að planta á Hallormsstað 28.000 plöntum og í Mjóanesi 40.000 pl., alls 68.000 pl. Í reyndinni var plantað 66.220 plöntum, sem skiptist eins og tafla V sýnir.

Engu lerki varð plantað á Hallormsstað að þessu sinni og svo sem áætlað hafði verið, þar eð vegurinn, sem fara þurfti eftir með plöntur og fólk á ákvörðunarstað, var svo blautur, að ekkert farartæki komst hann.

Á Hallormsstað var eingöngu plantað í tímavinnu og voru þar óvanir unglingar að verki, 1 piltur og 2 stúlkur, auk Halldórs Sigurðssonar. Furuplönturnar voru svo smáar, að ákvæðisplöntun kom ekki til greina.

Á Hafursá og í Mjóanesi var eingöngu plantað í ákvæðisvinnu, nema það, sem Halldór setti sjálfur niður. Bættust þá við 2 piltar og 2 stúlkur, þrjú þeirra vön og mjög góðir plantarar. Var þannig 8 manna flokkur þar útfra.

Geta má þess, að tveir piltanna úr þessum hópi, Gunnlaugur Sigurðsson á Hallormsstað og Hlynur Halldórsson á Miðhúsum, urðu nr. 1 og 2 í gróðursetningarkeppni starfsíþróttá landsmóti ungmennafélaganna á Eiðum um miðjan júlí.

#### b. Plöntunartími.

Hallormsstaðaplöntunin var látin ganga fyrir. Hinn 7. júní hófst hún með því, að tekið var allt sitkagreni, sem áætlað hafði verið í garðplöntur, en reyndist ónothæft ~~XXXXXX~~ til þess vegna lögunar, og var því plantað með hnaus í skjólbelti utan við Mörkina. Settur var skítur með plöntunum, sem voru svona 40-70 cm háar.

Tafla V. Plöntun á Hallormsstað, Hafursá og í Mjóanesi 1968.

| Tegund      | Kvæmi      | Aldur | Fræs.<br>nr. | Mörkin | AÍK   | SUR   | Hafursá -<br>Stórvafk | Mjóanes -<br>Bakkar | Alls   |
|-------------|------------|-------|--------------|--------|-------|-------|-----------------------|---------------------|--------|
| Rauðgreni   | Ymsir afg. | 3/3   | -            | -      | 1.395 | 2.280 | -                     | -                   | 3.675  |
| Sitkagreni  | Gpl. afg.  | -     | -            | 230    | -     | -     | -                     | -                   | 230    |
| Bergfura    | Mt. Louis  | 3/0   | 655          | -      | 205   | 4.000 | -                     | -                   | 4.205  |
| Lindifura   | Vegabr. 63 | 3/4   | -            | -      | 350   | -     | -                     | -                   | 350    |
| Stafafura   | Skagway    | 3/0   | 650          | -      | -     | 3.055 | -                     | -                   | 3.055  |
| Evrópulerki | Miðevrópa  | 2/4   | -            | -      | 120   | -     | -                     | -                   | 120    |
| Lerkibast.  | Fossv.     | -     | -            | 20     | -     | -     | -                     | -                   | 20     |
| Rússalerki  | - " -      | 2/0   | -            | -      | 965   | -     | -                     | -                   | 965    |
| Rússalerki  | Sénkúrsk   | 2/2   | 587          | -      | -     | -     | 33.700                | 19.900              | 53.600 |
| Alls        |            |       |              | 250    | 2.685 | 9.685 | 33.700                | 19.900              | 66.220 |

Dagana 11.-12. júní voru settar niður ýmsar smáprufur af lerki. 13.-24. júní var svo plantað furu og greni.

Hinn 25. júní hófst plöntun í Stóruvík í Hafursárlandi í framhaldi af plöntun þar vorið áður. Lauk plöntun þarna 28. júní og höfðu þá verið settar þar á rúmum þremur dögum 33.700 plöntur. Er þetta mesta plöntunarskorpa, sem tekin hefir verið hér. Skilyrði voru eins hagstæð og hugsagt getur. Klaki var ekki alveg farinn úr jörðu, en þó ekki til trafala. Moldin var gljúp og rök og svæðið samfellt og án hindrana.

Í haust virtist svotil hver planta lifandi á þessu svæði.

Fyrri hluta dags 28. júní var farið út á Mjóanesbakka og plantað í alla spilduna milli túnsins í Mjóanesi og Fljótsins og reyndar alveg þó norður að Mjóanestanga. Jarðvegur var svipaður og í Stóruvík, en landið sundurslitið af klettum. Þessari plöntun lauk 2. júlí og höfðu þá verið settar þar 19.900 plöntur.

Með þessu er búið að planta í Mjóanes- og Hafursárgirðingu á 4 árum 129.670 plöntum, þar af 90.300 lerki - eða 72%.

### c. Kostnaður.

Heildarkostnaður við plöntunina 1968 varð 67 þús. kr., en var áætlaður 100 þúsund. Til jafnaðar verður þetta þannig rúmlega 1 kr. á plöntu.

Plöntunin á Hafursá og í Mjóanesi tekin sér kostnaði 45.200 kr., alls 53.600 plöntur - eða 85 auru á plöntu. Eg tel þetta ódýrustu hugsanlega plöntun hér hjá okkur, því að öll skilyrði voru eins hagstæð og á varð kosið. Verkið gekk ~~þar~~ fljótt, plöntuteigar rétt hjá vegi, svo að sáralíftíli tími fór í milliferðir og milliferðatími nýttist geysivel vegna mikilla afkasta, ennfremur vinna flokksstjóra. Í þessari plöntun varð reynslan sama og áður, að duglegasta fólkið skilaði beztu verki.

## 8. H i r ð i n g p l a n t n a.

### a. Kjarrhreinsun.

Birkiteinungur var hreinsaður á undan skógarhöggi á þeim svæðum, sem í kaflanum um skógarhögg eru merkt b, c, d og að nokkru leyti f, einkanlega í hinni misheppnuðu plöntun af Arkangelsklerki frá 1952. Þar var kominn óhemjumikill teinungur, sem var farinn að skemma lerkið.

Hreinsaður var birkiteinungur í teigum frá 1954-1957 í Lýsishól (ekki þó alveg lokið á þessum svæðum) og í stafafuru- og lerkiteigum frá 1957 við Selveg.

### b. Áburðargjöf.

Kjarni var borinn á 2 rauðgreniteiga í Innskóginum: Í Vörðuhrauni fast við þjóðveginn hjá Atlavíkurlæk og í Atlavík, og á 2 sitkagreniteiga í Lýsishól, alls 600 kg.

Ureaform var borið á sumt af rauðgreni frá 1954 og 1956 í Lýsishól (ekki það, sem borið var á 1966), alls 120 kg.

### c. Snyrting á lerki.

Áður var lýst vinnu Páls Guttormssonar við snyrtingu á lerki frá 1951 og 1954 í Innskóginum. Því má bæta við, að í þessum teigum þurfti að laga toppa á mjög mörgum trjám, miklum meirihluta, einkanlega í plöntuninni frá 1954. Ef þetta hefði ekki verið gert - og verður ekki gert í framtíðinni - þá mun það leiða til þess, að heilmikið af trjám verður ónothæfur borðviður. Með þessu er hægt að bjarga miklum verðmætum. Þegar mikið verður komið af lerki, verður auðvitað að velja úr þau tré, sem líkleg eru til að stnda til frambúðar. En sérstaklega minnir þetta okkur á að reyna að afla þeirra kvæma, sem minnstar líkur eru til, að verði fyrir áföllum í vorhretum.

Kostnaður við hirðingu 1968 var rúmlega 20 þús. kr., þar af Kjarni 3 þús. kr.

## 9. Vegagerð.

Engin langning nýrra vega eða stíga var á árinu. Smávegis til lagfæringa, naumast teljandi: 2.300 kr.

Hins vegar er skylt að geta þess, að Vegagerð ríkisins lét lagfæra mikið veginn hér í skóginum í sambandi við H-daginn 26. maí. Það var við Borgargerðislækinn, við Dýásinn, við Kliftjörn og á Sandskeiðinu innan við Vínlak. Eftir þetta er mun minni hætta í umferðinni gegnum skóginn en áður var.

## 10. Byggingar.

Mörkin. Í steinhúsinu var allmikið málað að vanda, en ekkert smíðað þar að þessu sinni.

Hlaðinn var fallegur steinsökkull undir svefnskála piltanna, svo að hann lítur nú miklu betur út en áður var.

Skógarvarðarbústaður. Smávegis viðhald var á húsinu og keypt í það 1 handslökkvitæki og annað í svefnskála piltanna.

"Stöðvarhúsið" undir Kistuklettum. Í sambandi við uppsetningu á flettisög í húsinu (sjá á eftir) fór fram allmikil endurbót á ~~KKXX~~ húsinu:

Sperrur voru styrktar og þakið rétt af. Eftir er að skipta um járn á þeim hluta hússins, sem er yfir söginni, járnklæða framhlið hússins og útbúa almennilegar hurðir.

Grafið var upp úr þeim ~~KKXXXX~~ þriðjungi gólfsins í húsinu, þar sem sögin átti að standa. Var þar fyllt í staðinn með möl og ræst út úr grunni, svo að vatn eigi greiðan gang út í frárennslisskurðinn. Steypt var 15 cm þykk, járnþent plata á þennan hluta gólfsins, en hinn hlutinn sléttaður jafnhátt með skeljamöl. Búið er að holufylla og sementskústa að innan steinveggina í sagarhúsinu.

Bókfærður kostnaður við viðhald fasteigna 1968 - hér þó ekki kostnaður við ofanefndar framkvæmdir ~~XX~~ í Stöðvarhúsinu - nam 30.800 kr.

## 11. Vélar og verkfæri.

### a. Flettisög.

Í lok ágústmánaðar var tekið að undirbúa uppsetningu á flettisöginni í "stöðvarhúsinu" undir Kistuklettum. Allt óþarfa ~~KKXXKX~~ rusl var hreinsað af svæðinu og því ekið á ruslahaug, ennfremur kastað á hauginn miklu af skrani, sem verið hafði í húsinu.

Til þess að geta komið viðarbolum að húsinu á þeim stað, þar sem þarf að taka þá inn í það og inn á sögina, varð að færa heilmikið af jarðvegi frá húsinu að framan og um leið grafa lokræsi meðfram því og frá því, þar eð mikill vatnselgur er þarna undir brekkunni. Þessi jarðvegur kom í góðar þarfir í uppfyllingu fyrir neðan húsið, þar sem fæst ágætt geymslupláss fyrir girðingarstaura og vélar. En þegar farið verður að ydda og birkja staura með vél og ósa þá, verður það gert þarna uppfrá. Búið er nú að malbera svæði þetta að miklu leyti. En það olli mjög miklum töfum við ofanburðinn, að efnið í fyllingunni var svo blautt, að erfitt var að koma ökutækjum yfir það með fyrstu yfirferð af mól. Þetta tókst þó, ~~KKXXIXKXKXKXKXKXKXKXKXKXKX~~

Þegar gólfplatan í sagarhúsinu var orðin nægilega hörð, var sögin stillt upp og fyrir áramót var lokið við að slá upp mótum utan um sökklana, sem ramminn hvílir á. Þegar þessar línur eru ritaðar, er búið að steypa sökklana, en bíða þurfti allengi eftir ~~KKXX~~ frostleysu til þess. Bíðum við nú eftir því, að sökklarnir harðni nægilega vel, áður en farið verður að ganga frá uppsetningu að fullu. En strax og sæmilega hlýnar í veðri er hægt að fara að mála sögina, en það er nauðsynlegt að gera. Söginni fylgdi svo ~~KKXX~~ nákvæm lýsing á uppsetningu, að við teljum engin vandamál við það.

Svo sem að ofan er ritað var allur kostnaður við lagfæringu á hús-

inu og svæðinu kringum það, færður á þennan lið. Nemur hann til áramóta 100.600 kr.

#### b. Mótorkerfari.

Sagirnar voru geysimikið notaðar á árinu og viðhald þeirra allmikið. Gert var við allmikið af handverkferum og jarðtætarana.

Reksturskostnaður verkfæra á árinu 1968 nam 7.700 kr. og viðhaldskostnaður 24.400 kr. og ný verkfæri voru keypt fyrir 6.000 kr., svo að alls varð kostnaður við verkfæri á árinu 38 þús. kr., en var áætlaður 30 þúsund.

Dráttarvélar voru báðar mikið notaðar á árinu. Rekturskostnaður þeirra nam 19.200 kr., viðhaldskostn. aðeins 1.800 kr., skattar og tryggingar 3.400 kr. eða alls 24.500 kr. á árinu 1968. Tekjur af leigu dráttarvéla í verkum hjá öðrum aðiljum urðu 5.000 kr.

Jarðýtan. Á árinu kom til greiðslu ýmislegur kostnaður af jarðýtunum f.f. ári, er nam alls 7.900 kr. Því miður virðist ekkert annað liggja fyrir en að reyna að selja ýturnar fyrir eitthvert slíkt.

Áætlaður kostnaður vegna dráttarvéla og jarðýtu á árinu var 45 þús. kr., en reyndist 32.400 kr.

#### c. Bifreiðar.

Bifreiðin U-823 var seld í maímánuði á kr. 35.000. Bókfærður reksturskostnaður v/U-823 á þessu ári er 11.900 kr. og viðhaldskostn. 5.900 kr. (hvort tveggja mest frá árinu 1967), alls 17.800 kr.

Bifreiðin U-866 kom hingað í apríl. Hefir hún reynzt okkur ágæta vel og hinn hentugasti farkostur. Við máluðum strax pallinn, en að öðru leyti var aðallega lagfæring á henni í sambandi við skoðun. Rekturskostnaður hefir numið 30 þús. kr., viðhaldskostn. 6.500 kr. og skattar og tryggingar (incl. kaskótrygging) 9.800 kr., eða alls 46.300 kr. Hér verður að gefa þá skýringu, að á reksturskostnað er færður flutningur með skipi til Reyðarfjarðar og trygging í flutningi, alls kr. ~~5.976,00.~~

Bókfærður heildarkostnaður við bifreiðar á árinu 1968 er kr. 64.400, en var áætlaður 45 þúsund. Bókfærðar tekjur vegna bifreiða eru 5.680 kr. En minnst verður þess, að verulegur hluti kostnaðarins á U-823 ~~XXX~~ er frá sl. ári.

### 12. Ý m i s l e g t.

#### a. Ferðafólk.

Allmikið var um ferðafólk frá miðjum júlí. Ólafur Hallgrímsson kennari hér ~~XXXX~~ á staðnum hafði umsjón með Atlavíkinni eins og árið áður og leiðbeindi ferðafólki lítils háttar. Gerði hann þetta með hinni mestu þrýði.

~~XXXX~~ Að þessu sinni féll niður hin hefðbundna útisamkoma um miðjan júlí vegna landsmótsins á Eiðum. Fékk Atlavíkin við það þýðingarmikla hvíld. Snemma í júlí var borinn blandaður túnáburður á allar flatirnar og rjóðrin. Fengu þau við það allt annan svip.

Fyrir verzlunarmannahelgina voru gerðar tvær nýjar brýr yfir lækinn í Víkinni og mjög var bætt vatnsleiðslan þangað (að vísu til bráðabirgða) og sett var upp nýtt þvotta=statíf með 4 krönum og frárennslisborði undir, en gamla kranastatífið með þremur krönum var fært til. Voru þannig alls 7 kranar með rennandi vatni í Víkinni. Mæltist þetta ákaflega vel fyrir hjá ferðafólkinu og ennfremur það, hve hreint væri þarna alltaf. Þá er þess að geta, að við fengum lánaða hjá landsmóttinu á Eiðum fyrir verzlunarmannahelgina stóra kamrasamstæðu með þremur klefum, sem bætti mjög úr þeim vanda. Ennfremur notuðum við reglulega í kamrana POP-desinfektor, svo að aldrei var þar hin stæka ólykt, sem alla hefir ætlað að drepa. Ferðafólkið kunni vel að meta þetta allt og

sparaði ekki að láta í ljós þakklæti sitt. Einn reyndur ferðalangur sagði við mig, að þetta væri "bara eins og í Ameríku".

Samkoma var um verluarmannahelgina á vegum Framsóknarmanna. Var hún miklu fámennari en árið áður, en fór ~~XXXXXX~~ framúrskarandi vel fram. Ölvun var engin og umgengni sú langbesta til þessa. Við höfðum að heita mátti lokið hreinsuninni á mánudagskvöld.

#### b. Gestir skógræktarinnar.

Allmörgu fólki þurfti að sýna um skóginn. Voru hópar frá ferðaskrifstofum nú fleiri en nokkru sinni - og mun þó fjölga enn að mun á sumri komanda.

Ég nefni eftirtalda aðilja, sem sýnt var um skóginn:

1. - 3. júní: Mr. Ford-Robertson frá Öxford.
- 12.-14. " Dr. Alf Bakke frá Vollebekk ásamt Hauki Ragnarssyni.
13. " Rotaryklúbbur Egilsstaða.
23. " Bændur í Vallahreppi og konur þeirra.
- 3.- 4. júlí: Pétur Thorsteinsson ambassador í Washington og Oddný kona hans.
6. " Starfsfólk Fræðslumálaskrifstofunnar í Reykjavík með Helga Elíasson fræðslumálastjóra í broddi fylkingar.
8. " Magnús Jónsson fjármálaráðherra og Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri í fylgd Hákonar Bjarnasonar skógræktarstj.
9. " Hópur 30 færeyskra íþróttamanna undir leiðsögn Stefáns Þorleifssonar íþróttakennara í Neskaupstað.
11. " Hópur 10 kennaraefna frá Kennaraskólanum í Stafangri í Noregi undir leiðsögn Thorleif Skarstad lektors.
- 15.-16. " Bláamenn Reykjavíkurdagblaðanna í fylgd Hákonar Bjarnasonar, Hákonar Guðmundssonar og Einars Sæmundsens.
16. " Erlendur ferðamannahópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins, 20 manns, undir leiðsögn Arnar Ólafssonar.
21. " Erlendur ferðamannahópur frá F. r. undir leiðsögn Einars Bjarnasonar. 30 manns.
28. " Gunnar B. Guðmundsson hafnarstjóri í Reykjavík og kona hans.
4. ág.: Ólafur Ragnar Grímsson hagfræðingur frá Reykjavík og Kristján Ingólfsson skólastjóri frá Eskifirði.
5. " Stefán Jónsson fréttamaður og kona hans.
5. " Erlendur ferðamannahópur, 30 manns, frá F. r. undir leiðsögn Arnar Erlendssonar hagfræðings.
6. " Guðmundur Björnsson skrifstofumaður frá Reykjavík og Þórey Böðvarsdóttir kona hans.
- 7.- 8. " Peter Tigerstedt frá Finnlandi.
8. " 20 orlofskonur úr Öngulstaða-, Hrafnagils- og Saurbæjarhreppum í Eyjafirði.
8. " Hörður Frimannsson verkfræðingur frá Reykjavík, Hanna Blöndal kona hans og Ilse Blöndal.
8. " Guðmundur Örn Arnason skógfræðingur.
- 23.-25. " Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands.
2. sept. Próf. Poul Bauer, 2 Frakkar og 2 Bandaríkjamenn. Úr hringferð Esju.
10. " Þórhallur Björnsson aðalgjaldkeri SÍS, dóttir hans og bandarískur tengdasonur.
25. okt. Peter Kidson loftskemtamaður og ferðamálamaður og Sveinn Kristinsson flugafgrm. á Egilsstöðum.
25. nóv. Ragnar í Smára og Björg Ellingsen kona hans.

Auk þess fólks, sem hér var talið, dvöldu hér starfsmenn Skógræktarinnar lengri eða skemmri tíma: Baldur Þorsteinsson tvisvar, Haukur Ragnarsson tvisvar, Ísleifur Sumarliðason, Gunnar Finnbogason og Snorri Sigurðsson.

Kostnaður vegna ferðafólks varð 37.500 kr., en tekjur af samkomuhaldi 25.000 kr.

### c. Landbúnaðarsýning.

Send voru 14 lifandi tré héðan á landbúnaðarsýninguna 1968, 8 lerkitré úr Jónsskógi og 6 birkitré af Dýássvæðinu. Mikið verk var að ná þeim heilum á húfi og koma þeim til skips á Reyðarfirði. Ennfremur var sent mikið af lerkibolum, megnið af því, sem fellt var í Guttormslundi í vor og nokkrir bolir úr teignum frá 1922 á Atlavíkurstekk. Ennfremur var sent dálítið af birki á sýninguna.

### d. Fundahöld og ferðalög.

Ferðalög voru svo lífil, að varla tekur því að nefna. En geta skal þó um þetta:

25. febrúar fluttum við Ingvi Þorsteinsson magister erindi með skuggamyndum í Eiðaskóla.

Hinn 1. marz fór ég til Reykjavíkur á starfsmannafund S. r. Sat fundinn 5.-7. marz.

Hinn 19. marz fór ég ásamt Ingva Þorsteinssyni í Bifröst í Borgarfirði og ~~XXX~~ fluttum við daginn eftir í Samvinnuskólanum sömu erindi og á Eiðum.

Hinn 22. og 29. marz sat ég fundi í stjórnarnefnd Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá.

Hinn 25. marz sat ég fund í Þjóðgarðsnefnd samvinnumanna.

Á tímabilinu 3.-16. apríl var ég allmikið með Baldri Þorsteinss. og Einari Sæmundsen að endurskoða Fljótsdalsáætlun. Var með öðrum skógræktarmönnum að leggja hana fyrir Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóra hinn 18. apríl.

Heim kom ég hinn 20. apríl.

Hinn 24. maí leiðbeindi ég við plöntun í Alþýðuskólanum á Eiðum.

### e. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands.

Sem fyrr sagði var aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn hér dagana 23.-25. ágúst. Allmikill tími fór í að undirbúa hann og nokkur kostnaður hlaut af því. Var gengið mikið með fundarfólkið um skógin og veður mjög sæmilegt fundardagana, einkum þá seinni. Hinn 25. ág. hélt stjórn Skógræktarfélags Íslands fund með skógræktarmönnum af Austurlandi og ~~XXXXXXXX~~ stjórn Búnaðarsambands Austurlands ásamt nokkrum fleiri austfirzkum áhrifamönnum um skógræktarmál fjórðungsins. Sérstaklega var grein gerð fyrir Fljótsdalsáætluninni.

Hallormsstað, 7. febrúar 1969.

Sig. Blöndal